

Áramótabrennur

Árleg brenna í Búðardal verður á sjávarkambinum neðan við Búðarbraut og skotsvæði á gömlu bryggjunni. Kveikt verður í brennunni kl. 21.

Brennan í Saurbænum verður í landi Bjarnastaða í Staðarhólsdal. Kveikt verður í brennunni um miðnætti.

Allar breytingar á brennustæðum og tímasetningum verða auglýstar á vef Dalabyggðar, www.dalir.is.

Sælingsdalslaug

Sælingsdalslaug 15.-31. desember 2017

Priðjudaginn 19. desember kl. 15:30-22

Miðvikudaginn 20. desember kl. 17-22

Fimmtudaginn 21. desember kl. 13-18

Miðvikudaginn 27. desember kl. 15-22

Sælingsdalslaug frá 1. janúar

Priðjudagar kl. 15:30 - 17:00 eldri borgarar

Priðjudagar kl. 17:00 - 19:00

Miðvikudagar kl. 17:00 - 22:00

Fimmtudagar kl. 15:00 - 18:00

Laugardagar kl. 14:00 - 18:00

Sögustund

Síðasta sögustund ársins 2017 verður miðvikudaginn 27. desember kl. 19 á Byggðasafni Dalamanna. Þar verða dregnar fram í sviðsljósið óhefðbundnar sögur tengdar jólum og áramótum fyrri ára. Sögurnar eiga það sameiginlegt að fjalla um hörmungar og hjátrú. Sælingsdalslaug verður opin þennan dag kl. 15-22.

Fyrsta sögustund ársins 2018 verður laugardaginn 6. janúar kl. 15 á Byggðasafni Dalamanna. Þá mun Bogi Kristinsson byggingafulltrúi Dalabyggðar segja frá þróun torfbæja til steinsteypuhúsa, gera grein fyrir ólíkum byggingastílum síðari tíma og mikilvægi varðveislu eldri húsa.

Aðgangseyrir á sögustundir verður sem fyrr 500 kr fyrir fullorðna og frítt fyrir börn yngri en 18 ára í fylgd með fullorðnum. Kaffi á könnunni.



DALAPÓSTURINN

14. tölublað, 10. árgangur

00. desember 2017

Sveitarstjórn Dalabyggðar
óskar íbúum Dalabyggðar
gleðilegra jóla og
farsæls komandi árs



Auðarskóli - leikskólakennara vantar

Auðarskóli auglýsir eftir að ráða í tvær stöður leikskólakennara frá og með 1. janúar 2018. Um er að ræða tvær 100% stöður.

Umsóknarfrestur er til 27. desember 2017. Æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni eru að vinna að uppeldi og menntun leikskólakennara samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara.

Hæfniskröfur eru leikskólakennaramenntun eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi, færni í samskiptum, frumkvæði í starfi, sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð, stundvísi og góð íslenskukunnátta

Upplýsingar um starfið veitir Hlökkver Ingi Gunnarsson skólastjóri Auðarskóla í síma 430 4757. Umsóknir berist á netfangið hlodver@audarskoli.is

Skrifstofa Dalabyggðar

Skrifstofa Dalabyggðar á Miðbraut 11 í Búðardal er opin virka daga kl. 10-14. Símatími er virka daga kl. 9-13. Síminn er 430 4700 og netfangið dalir@dalir.is

Félagsleg þjónusta

Föst viðvera félagsráðgjafa er í Stjórnsýsluhúsinu , Miðbraut 11, Búðardal fyrsta og þriðja miðvikudag hvers mánaðar frá kl 13 til 16. Tímapantanir eru í síma 433 7100 eða 898 9222 milli kl. 9 og 15 virka daga.

Auk þess er unnt að hafa samband við félagsþjónustuna símleiðis í síma 433 7100 á milli kl. 9 og 15 aðra virka daga, fá upplýsingar og ráð eða ákveða aðra stund og annan tíma, allt eftir aðstæðum.

Héraðsbókasafn Dalasýslu

Héraðsbókasafn Dalasýslu á Miðbraut 11 í Búðardal er opið á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 13-18. Bókasafnið er lokað beri almenna frídaga upp á opnunardaga.

Kannski má vekja athygli á sýningunni á jólaservíettunum, og geta þess að þær koma úr safni mæðgnanna Bergþóru og Jónínu á Hrútsstöðum.

Endurvinnslustöðin

Endurvinnslustöðin er opin á þriðjudögum kl. 13-18 og laugardögum kl. 11-14. Flokkunarkrá er opin allan sólarhringinn.